

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, miðbær Selfoss.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 5. mars 2025 breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir miðbæ Selfoss. Ýmsar breytingar og leiðréttingar eru gerðar á uppdrætti og greinargerð, útgáfu 04, sem fela meðal annars í sér stækkanir og sameiningar lóða, nafnabreytingar á svæðum/götum, breytingar á kröfum vegna bílastæða, auk kvaða sem settar eru, ásamt textabreytingum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 16. maí 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. maí 2025